

**REGLUR****um greiðslur fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi.**

Fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkissjóðs, setur hér með, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, eftirfarandi reglur um greiðslur ríkissjóðs fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámstigi:

1. Hámarksgreiðslur ríkissjóðs miðast við eftirfarandi gæslustundafjölda á viku:
  - 1.1

Nemendafjöldi í heimavist	Hámarksfjöldi gæslustunda til greiðslu á viku
6—10 .....	24.75 klst.
11—20 .....	24.75 + 0.65 á nem. umfram 10
21—50 .....	31.25 + 0.44 - — — 20
51—80 .....	44.5 + 0.63 - — — 50
81— .....	63.5 + 0.88 - — — 80

Ofangreind skrá miðast við, að nem. komi í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fari kl. 16.15 á föstudögum.

- 1.2 Í þeim tilvikum, sem menntamálaráðuneytið kann að úrskurða umframgæsluþörf í samræmi við ákvæði a)—c) liða 6. gr. reglna menntamálaráðuneytisins dags. 6. mars 1974, mun ríkissjóður greiða þann kostnað, sem af því leiðir.
- 1.3 Fyrirvari er gerður um hámark gæslustunda, þar sem skólastjóri hefur ekki aðstoðarfólk við kennslu eða gæslustörf.
2. Um kjör gæslufólks fer eftir kjarasamningum.
3. Sveitarfélög, er að skóla standa, greiða gæslufólki umsamin laun og endurkrefja ríkissjóð um hlutdeild ríkisins.
4. Reglur þessar gildi frá 1. janúar 1974, þar til öðruvisi kann að verða ákveðið.

*Fjármálaráðuneytið, 6. mars 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Jón Sigurðsson.*

**REGLUR****um heimavistargæslu.**

## 1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistarskólum á skyldunámsstigi telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímunum, við félagsstörf og í frítíma ásamt næturábyrgð og heilsugæslu, annarri en þeirri, sem læknir annast.

## 2. gr.

Skólastjóri skal gera áætlun um gæslustörf fyrir byrjun hvers skólaárs. Gæsluáætlun skal hljóta samþykki skólanefndar, svo og skriflegt leyfi sveitarstjórnar, ef hún fer fram úr gildandi reglum um greiðslur ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Áætlunin skal síðan send menntamálaráðuneytinu.